



DAGSKRÁ 6+
SEGÐU MÉR SÖGU

KYNNINGAREFNI FYRIR KENNARA OG LEIÐBEINENDUR

RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík: Barna- og ungmennadagskrá

RIFF er stærsta kvikmyndahátíð Íslands fyrir börn og unglunga á aldrinum 4-16 ára. Í ár mun RIFF í sjöunda skipti sýna áhrifamiklar stuttmyndir víðsvegar að úr heiminum sem sérstaklega eru ætlaðar þessum aldurshópi. Við bjóðum þér að taka þátt og skapa samtal við börn og unglunga um hinn magnaða heim kvikmyndanna. Þetta er einstakt tækifæri til að gægjast inn í heim kvikmyndanna og bjóða börnum og unglungum upp á eftirminnilega menningarupplifun.

Í ár heldur RIFF upp á 17 ára afmæli sitt og margt hefur gerst á sviði kvikmynda fyrir börn og unglunga síðan hátíðin var fyrst haldin. Stuttmyndir eru ei lengur aðeins aðgengilegar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og á myndbandsspólum heldur eru þær aðgengilegar okkur öllum stundum í - jafnvel í formi myndbanda sem yngri kynslóðin skapar sjálf og deilir með öðrum á veraldarvefnum. RIFF leitast eftir að sýna einstakar stuttmyndir sem ögra, örva og heilla yngri áhorfendur.

Alls verður boðið upp á fimm stuttmyndadagskrár, auk kvikmyndasýninga, sem aðgengilegar verða í kvikmyndahúsum og skólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Kvikmyndir, með sýnar sterku ímyndir og skálduðu eða sannsögulegu dæmisögur, geta vakið okkur til umhugsunar um mikilvæg málefni svo sem sambönd, samfélagsleg málefni, sjálfbærni, umhverfið og loftlagsmál á sérstakan hátt. Í stuttu máli sagt þá er eðli kvikmynda slíkt að þær vekja hjá okkur mismunandi tilfinningar og jafnvel spurningar um lífið sjálft.

Þáttöku í barna- og unglingadagskrá RIFF er ætlað að vera skemmtileg og fræðandi upplifun þar sem við skoðum heiminn í gegn um linsu hreyfimyndanna. Með það að markmiði höfum við sameinað stuttmyndadagskrár og tillögur að kennsluefni, sem gerir kennurum og leiðbeinendum kleift að nota stuttmyndirnar sem kennsluefni bæði fyrir, á meðan og að sýningu lokinni.

Margar af þeim myndum sem sýndar eru á RIFF henta vel sem viðbótarefni við þær greinar sem þegar eru kenndar í leik- og grunnskólum landsins. Þetta er því frábært tækifæri til að tvíanna saman áhrifaríkar stuttmyndir og kennslu þar sem ólík viðfangsefni eru sett í samhengi við þennan skapandi miðil.

RIFF hefur valið myndir og sett saman í flokka með það að markmiði að kynda undir forvitni nemenda og opna augu þeirra fyrir mismunandi málefnum.



List fyrir alla

Barna- og ungmennadagskrá RIFF er styrkt af List fyrir alla.

List fyrir alla velur og miðlar listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafnar þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á list fyrir börn og list með börnum.


DAGSKRÁ 6+: SEGÐU MÉR SÖGU

Sagan er ein af grunnstoðum frásagnarlistarinnar. Þrátt fyrir að tímarnir breytist og miðlun sagna taki einnig breytingum þá hafa sögur haldið áfram að heilla bæði börn og fullorðna. Þrátt fyrir mörg hundruð ára líf hefur sagnalistin ekki glatað þeim eiginleikanum að grípa okkur og færa yfir í annan heim. Sögur geta því vel verið nýttar sem kennslutæki - ekki síst fyrir yngstu kynslóðina.

Með “Segðu mér sögu” dagskrá RIFF ætlum við að vinna með sögur í sinni klassísku mynd, en jafnframt spyrja okkur “Hvernig eru sögur í dag?”.

Við val á stuttmyndum í þessari dagskrá höfum við lagt áherslu á myndir sem hafa bæði skýra frásagnargerð og lítríkar, fyndnar og skerkar ímyndir. Stuttmyndirnar eru allar mjög ólíkar og hafa því mismunandi möguleika þegar kemur að því að tvinna þær saman við kennslu á yngri stigum grunnskólans. Efnið einkum ætlaðar 6-8 ára börnum þó er auðvelt að aðlaga það til að henta bæði yngri og eldri nemendum. Þó svo að dagskráin sé tileinkuð því að segja sögur þá snerta þær sögur sem hér eru sagðar einnig ýmis önnur viðfangsefni.

Myndirnar sem sýndar verða í þessum flokk eru:



Lauf / Lístek

Tékkland | Aliona Baranova | 6 mín

Risastór sjómaður fær haustlauf að gjöf frá lítilli stúlku. Það minnir hann á heimahagana og hversu lengi hann hefur verið í burtu þaðan. Hann hleypur til að hitta aldraða foreldra sína. En mun hann finna þau?



Holly á Sumareyju: Könnunarleiðangurinn / Holly på sommerøen
Danmörk | Karla Nor Holmbäck | 12 mín


Holly leiðist hjá afa sínum. Hún vill fara í könnunarleiðangur en afi hennar segir að það sé ekkert sem hægt sé að kanna. Holly er þó ekki sannfærð. Síðar um kvöldið sér Holly svo glóandi stein fljúga yfir himininn og lenda hinum megin á eyjunni. Holly leggur því af stað í ótrúlegan leiðangur, ásamt skjaldbökkunni Turtie, til að finna steininn.



Hversu þungt er ský? / СКОЛЬКО ВЕСИТ ОБЛАКО?

Rússland | Nina Bisyarina | 6 mín

Vísindamaður einn er niðursokkinn í að rannsaka skýin. Hann telur fjölda þeirra, mælir hæð þeirra frá jörðu, vigtar vatnið sem eru búin til úr. Hann vinnur starf sitt vel, heiðarlega og af kostgæfni. En allt breytist hins vegar þegar hann finnur ský sem passar ekki inn í töflur hans og línurit.



Karla og Nordahl

Noregur | Elisabeth Aspelin | 19 mín

Karla er sex ára gömul og á stóran bróður sem heitir Nordahl. En af hverju finnst henni eins og hann sé bæði stóri og litli bróðir hennar? Við fáum innsýn inn í líf Körlu og hvernig hún tekst á við það að eiga stóran bróður með námsörðugleika. Leikstjórinn fylgir sínum eigin börnum í gegnum einn vetur og sýnir hversdagslíf þeirra, í senum sem sýna krefjandi aðstæður jafnt sem innilegan kærleik.



Í fjarlægð / Au Large

Belgía | Mathilde Pepinster | 6 mín

Rémy lifir í eigin heimi sem byggður er upp af einfaldleika hins daglega lífs á Norðurlóðum en eltingaleikur dregur dilk á eftir sér í hinum svokallaða raunverulega heimi. Þar er lítill skilningur fyrir hendi á hugarfari hans sem þykir nærgöngult og jaðra við geðveiki.



Dalía

Ísland | Brúsi Ólason | 16 mín

Sex ára gamall drengur fer yfir helgi í sveit til pabba síns, sem hann hittir sjaldan. Faðirinn veit ekki hvernig hann á að tengjast syninum og kemur fram við drenginn eins og hvern annan vinnumann. Þegar feðgarnir finna slasaða meri þurfa þeir í sameiningu að aflífa hana, en í gegnum þá lífsreynslu verður til sterkara samband þeirra á milli.

TILLÖGUR AÐ KENNSLUEFNI

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður bæði fyrir og eftir sýningu myndarinnar. Með tilliti til þeirra markmiða sem tilgreind voru hér að ofan, þá leggjum við til eftirfarandi umræðuefni:

ÁÐUR EN AÐ MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um að fara í kvikmyndahús. Hvernig er að horfa á kvikmyndir í kvikmyndahúsi? Hverjar eru væntingar okkar þegar við förum í kvikmyndahús? Eiga hljóðin í kvikmyndahúsi að vera á einhvern ákveðinn hátt? Hvað með kvikmyndirnar sjálfar, hvernig myndir eiga að vera í “bíó”?

EFTIR SÝNINGU:

Börnin ræða saman í hóp, undir handleiðslu kennara, hvernig þau upplifðu kvikmyndina:

- Hvaða persónur í myndinni líkaði þeim við?
- Hverjum líkaði þeim ekki við?
- Ræðið þær persónur sem sem börnin muna eftir úr myndinni og finnið lýsingarorð sem passa við persónurnar. Voru þessar persónur til dæmis góðar? Eða voru þær vondar?
- Hver hjálpaði aðalpersónunni í myndinni?
- Hvaða tilfinningar upplifðu börnin?
- Voru þau hrædd?
- Var þetta skemmtilegt?